



709. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 20. desember 2018 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Friðrik Sigurbjörnsson, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Helga Kristjánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Friðrik Sigurbjörnsson, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 13. desember 2018. - 1812027

Með bréfinu óskar Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn vegna frumvarps til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, 417. mál.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 13. desember 2018. - 1812027](#)

2. Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 13. desember 2018. - 1812028

Með bréfinu óskar Allsherjar- og menntamálanefnd eftir umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Bæjarráð tekur undir nauðsyn þess að íslenska verði eflað sem opinbert mál á Íslandi og áhersla lögð á að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Því fagnar bæjarráð framkominni þingsályktunar tillögu en vísar henni jafnframt til fræðslunefndar með þeirri ósk að fjallað verði um það í nefndinni hvernig skólar Hveragerðisbæjar geti eflt íslenskukunnáttu nemenda enn frekar en nú er gert.

Fylgigögn:

[Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 13. desember 2018. - 1812028](#)

3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2018. - 1812029

Í bréfinu hvetur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sveitarstjórnir til þess að setja í samninga um opinber innkaup kröfur um keðjuábyrgð sem tryggi réttindi verkafólks og sporni gegn mögulegri misnotkun á erlendu vinnuafli.

Bæjarráð leggur áherslu á að spornað sé gegn misnotkun vinnuafis í bæjarfélaginu, hjá Hveragerðisbæ, fyrirtækum eða félagasamtökum og mun leggja áherslu á að ákvæði um keðjuábyrgð sem tryggi réttindi launafólks verði sett í verklega samninga bæjarins.



Fylgigögn:

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2018. - 1812029](#)

4. Bréf frá Íbúðalánasjóði frá 12. desember 2018. - 1812037

Í bréfinu tilkynnir íbúðalánasjóður að Hveragerðisbær verður ekki á meðal þeirra sveitarfélaga sem fyrst verða tekin inn í tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs í húsnæðismálum landsbyggðarinnar.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Íbúðalánasjóði frá 12. desember 2018. - 1812037](#)

5. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 6. desember 2018. - 1812030

Í bréfinu, sem er afrit af bréfi til Pure North Recycling, er rætt um uppsöfnun hráefnis á lóð þeirra við Sunnumörk 4 - kröfur um úrbætur og tilkynning um endurskoðun starfsleyfis.

Bæjarráð leggur áherslu á að fyrirtækið fari að öllu að ákvæðum og fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi umgengni á umræddri lóð. Bæjarráð ætlast jafnframt til þess að forsvarsmenn fyrirtækisins og eftirlitsaðilar sjái til þess að ekki stafi hætta og/eða mengun af þeirri starfsemi sem þarna fer fram.

Fylgigögn:

[Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 6. desember 2018. - 1812030](#)

6. Minnisblað frá bæjarstjóra: Gerð húsnæðisáætlunar fyrir Hveragerðisbæ. - 1812034

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 30. nóvember 2018 vegna gerðar húsnæðisáætlunar fyrir Hveragerðisbæ. Fengist hafa tvö tilboð í að gera áætlunina frá RR ráðgjöf og VSÓ Ráðgjöf.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði VSÓ Ráðgjöf í gerð húsnæðisáætlunar fyrir Hveragerðisbæ.

Fylgigögn:

[Minnisblað frá bæjarstjóra: Gerð húsnæðisáætlunar fyrir Hveragerðisbæ. - 1812034](#)

7. Samningur við Vegagerðina um skil vega í Hveragerði. - 1812033

Lagður fram samningur við Vegagerðina um fullnaðarskil á vegum og kostnaðaruppgjör vegna yfirfærslu veghalda þeirra frá Vegagerðinni til Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

Fylgigögn:

[Samningur við Vegagerðina um skil vega í Hveragerði. - 1812033](#)

8. Samkomulag um kjarasamningsumboð. - 1812031

Lagt fram samkomulag um kjarasamningsumboð Hveragerðisbæjar til Sambands



Íslenskra sveitarfélaga vegna 15 stéttarfélaga.

Bæjarráð samþykkir umboðið fyrir sitt leyti.

Fylgigögn:

[Samkomulag um kjarasamningsumboð. - 1812031](#)

9. Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands frá 13. desember 2018. - 1812032

Sorpa hefur tilkynnt að frá og með 1. janúar 2019 verði lokað á frekari móttöku sorps til urðunar frá sveitarfélögum á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands. Því óskar bæjarráð eftir því að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands boði tafarlaust til fundar með sveitarstjórnnum á svæðinu þar sem staða mála verður útskýrð og næstu skref kynnt. Einn af þeim möguleikum sem Hveragerðisbær hefur skoðað er útflutningur á sorpi Hveragerðinga til brennslu erlendis. Verði það reyndin er mikilvægt að allt endurnýtanlegt og endurvinnanlegt hráefni náist úr því sorpi sem senda þarf erlendis. Því felur bæjarráð bæjarstjóra og umhverfissfulltrúa í samráði við sorphirðuaðila að útbúa kynningarefni til að ítreka mikilvægi flokkunar í Hveragerði því nú er ljóst að taka verður risavaxið skref í átt að frekari flokkun þar sem urðunarstaður fyrir Sunnlendinga er ekki fyrir hendi. Leggja ber alla áherslu á að ná lifrænum efnum úr almennu sorpi. Gleri verði skilyrðislaust skilað á gámasvæði og efni hvers konar, ónýtt sem nýtanlegt fari skilyrðislaust í endurvinnslufarvegi. Oft var þörf á aðgerðum í þessa veru en nú er samstaða bæjarbúa á þessu sviði óumflýjanleg enda höfum við ekki lengur aðgang að öruggum urðunarstað.

Fylgigögn:

[Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands frá 13. desember 2018. - 1812032](#)

10. Fundargerð Samband íslenskra sveitarfélaga frá 14. desember 2018. - 1812036

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð Samband íslenskra sveitarfélaga frá 14. desember 2018. - 1812036](#)

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10

Friðrik Sigurbjörnsson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Njörður Sigurðsson

Aldís Hafsteinsdóttir



Helga Kristjánsdóttir